

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014,  
ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

3.18 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/445 frá 13. mars 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.18.

4.21 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/437 frá 13. mars 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.21.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 24. apríl 2017.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

Nr. 448

24. apríl 2017

**Fylgiskjal 3.18.**

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/445**

**frá 13. mars 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til  
aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

Fyrsta 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2014/145/SSUÖ hljóði svo:

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 15. september 2017.
2. Viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ, skal breytt til samræmis við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017D0445>.

**Fylgiskjal 4.21.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/437**

**frá 13. mars 2017**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til  
aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIDAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32017R0437>.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2017